

Náttúrufræði 8. bekkur

Tímabil: Haustönn 2017

Kennslustundir: 3 á viku

Kennari: Halla Björk Þorláksdóttir

Námsefni: Mannslíkaminn, ýmis konar ítarefni af veraldarvefnum sem nemendur nýta í verkefnavinnu og kennslumyndbönd af vefnum Kvistir.

Fyrirkomulag: Innlagnir kennara, umræður, einstaklings- og hópverkefni. Framkvæmdar litlar og stórar athuganir.

Námsmat: Önninni er skipt í fjögur þemu og gildir hvert þema 20%. Hverju þema lýkur á námsmati sem er einstaklingsverkefni, hóp- eða paraverkefni eða próf.

Markmið að nemandi:

- geti framkvæmt athuganir, sýni skiplögð vinnubrögð og vinni skýrslu út frá athugun
- lesi texta um náttúrufræði sér til gagns, geti umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt
- afli sér heimilda um viðfangsefni náttúruvísinda, vinni úr heimildum og kynni fyrir samnemendum
- þjálfist í að draga ályktanir út frá gögnum og gefi ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn
- geti útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannsins
- geti útskýrt hvernig einstaklingur stuðlar að eigin velferð með því að hugsa vel um eigin líkama

Tímabil	Námsefni	Viðfangsefni	Kennsluaðferðir, vinnubrögð
21. – 25. ágúst			22. skólasetning kl. 16. 23. viðtöl 24. gönguferð/hjólaferð
28. ágúst – 1. september	Húð bein og vöðvar bls. 63-67	Húð bein og vöðvar.	Ýmsar verklegar æfingar sem tengjast skynfærum í húð og vöðvum.
4. – 8. september	Húð bein og vöðvar bls. 63-67	Nemendur velja sér viðfangsefni, setja fram rannsóknarspurningu og vinna heimildaverkefni.	Innlögn kennari og hópvinna nemenda.
11. – 15. september	Húð bein og vöðvar bls. 63-67	Vinna í verkefni frá fyrri viku.	Hópvinna nemenda.
18. – 22. september	Húð bein og vöðvar bls. 63-67	Kynningar nemenda á einstaklingsverkefni.	Hópvinna nemenda.
25. – 29. september	Húð bein og vöðvar bls. 63-67	Kynningar á hópverkefnum.	Kynningar nemenda 20%
2. – 6. október	Heili og taugakerfi bls. 80-107	Taugakerfið. Kennslumyndbönd af Kvistir um heilann og taugar.	Nemendur vinna verklega æfingu um viðbragð og vinna skýrslu. Skýrslan gildir 10% skýrslu úr verklegri æfingu um viðbragð.
9. – 13. október	Heili og taugakerfi bls. 80-107	Sama og fyrri vika.	Skila 10% sjálfsprófi.
16. – 20. október	Melting og öndun bls. 17-36	Meltingarfærin	Innlögn kennara og umræður.
23. – 27. október	Melting og öndun bls. 17-36	Nemendur velja viðfangsefni úr kaflanum og gera heimildaverkefni um hann. (Grænmetisætur, meltingarkvillar sjúkdómar) Paravinna.	26. starfsdagur, 27. haustleyfi
30. október – 3. nóvember	Melting og öndun bls. 17-36	Sama og vikan á undan.	30. haustleyfi
6. – 10. nóvember	Blóðrásin bls. 39-59	Hjarta, litla og stóra hringrásin,	Skila 20% verkefni úr kaflanum Melting og

		blóðþrýstingur og fleira.	öndun. Kennari leggur inn nýjan kafla um hjartað.
13. – 17. nóvember	Blóðrásin bls. 39-59	Krufning, fá líffæri hjá B. Jensen (hjarta og lungu). Halda áfram með efni kaflans eins og tími vinnst til.	Verklegt - krufning. 16. dagur íslenskrar tungu
20. – 24. nóvember	Blóðrásin bls. 39-59	Blóðið og ónæmiskerfið.	
27. nóvember – 1. desember	Blóðrásin bls. 39-59	Sjúkdómar í blóði og hjarta.	1. jólamarkaðurinn
4. – 8. desember		Námsmat - 20% próf úr kafla um blóðrásina.	Námsmat - 20% próf úr kafla um blóðrásina. 4. starfsdagur
11. – 15. desember			14. laufabrauðsdagurinn 15. opinn dagur
18. – 20. desember			18. smiðjudagurinn 19. skautadagurinn 20. litlu jólin